

1874.  
27. janúar.

gaf út fyrir borgun undir poka með póstsendingum frá Reykjavík til Akureyrar, hefir utanríkisstjórnin í bræfi 18. f. m. borið upp fyrir dómsmálastjórninni, hvort nauðsyn sè á að veita aðalverzlunarfulltrúanum tæða heimild, og jafnframt mælt til að fá vísending um, hver bera skyldi kostnaðinn við rekstur málsins, ef til kæmi.

Útaf þessu gefum vèr utanríkisstjórninni til vitundar, að eigi virðist ástæða til að höfða mál útaf þessu af stjórnarinnar hálfu.

4. febrúar.

## 7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um bænarskrá um uppreist á æru.

Með bræfi, dagsettu 24. nóvbrm. f. á., hafid þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þarsem Gissur bóndi Sigurðsson á Smyrlabjörgum í Skaptafellssýslu, sem við aukarétt tæðrar sýslu 29. apríl 1849 var dæmdur í tvisvar sinnum 27 vandarhagga refsingu fyrir þjófnað, sækir um uppreist æru sinnar, og fylgdi þeirri bænarskrá samkvæmt tilskipun fyrir Ísland um uppreist á æru, og fl., 12. marz 1870, vottorð frá tveimur mönnum um ólastanlega hegðun hans og álitsskjal hlutaðeiganda sýslumanns.

En með því eigi er sannað, að vottorðið um hegðun sækjandans sè áreiðanlegt, og sýslumaður þar að auki ekki með ákveðnum orðum hefir látið álit sitt í ljósi um háttalag hans, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að það er hvorttveggja, að nákvæmari skilríki verða að koma fyrir því, að þeir menn, sem gefið hafa vottorð um ólastanlega hegðun sækjandans, hafi verið honum gagnkunnugir, og sè áreiðanlegir menn, áður en það verður borið upp fyrir konungi, að sá, sem í hlut á, verði aðnjótandi þeirrar náðar, sem hann sækir um, enda verður hlutaðeigandi sýslumaður, eptir að hann, ef á þarf að halda, hefir haldið rannsókn, að skýra nákvæmar og ítarlegar frá breyttni hlutaðeiganda, og skal í því tilliti geta þess, að það eigi nægir,

að hann eigi hafi gjörzt sekur í lagabroti, heldur verður hann 1874.  
 að hafa hegðað sér svo, að hann sè maklegur þeirrar náðar, sem 4. febrúar.  
 hann sækir um.

Skjöl þau, sem fylgdu með bænarskránni, sendum vèr aptur  
 með bréfi þessu.

**8. Konungleg Auglýsing til Íslendinga um það, að 14. febrúar.**  
**út sè komin stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni**  
**Íslands.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum  
 kunnugt: Alþingi, sem saman kom árið sem leið, hefir í þegn-  
 legu ávarpi til Vör farið þess á leit, að Vèr — samkvæmt því, sem  
 einnig er látið í ljósi í bænarskrá frá hinu sama alþingi — vildum  
 gjöra yfirstandandi ár enn þá atkvæðismeira fyrir Íslendinga með  
 því að gefa Íslandi stjórnarbót, er veitti alþingi fullt löggjafar-  
 vald og fjárföræði, og sem að öðru leyti væri svo frjálssleg, sem  
 framast væri unnt.

Vèr höfum síðan á ný látið sem nákvæmlegast ihuga stjórn-  
 arskipunarmál Íslands, og er árangurinn af því orðinn sá, að  
 Vèr einn af hinum fyrstu dögum ársins með Vöru konunglega  
 nafni höfum löghelgað stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni  
 Íslands, sem að mestu leyti er byggð á frumvarpi því til stjórn-  
 arskipunarlagu, sem lagt var fyrir alþingi árið 1871, en þó  
 hefir sèrstaklega verið tekið tillit til þeirra atriða, sem tekin  
 voru fram í fyr nefndri bænarskrá alþingis.

Jafnframt og Vèr birtum þetta Vörum trúu og kærnu þegn-  
 um á Íslandi, finnum Vèr hvöt til þess að lýsa yfir allrahestu  
 ánægju Vorri með, að hið íslenzka stjórnarskipunarverk, sem svo  
 lengi hefir verið starfað að, þannig er nú alveg til lykta leidd,  
 og sömuleiðis viðurkenning Vorri og þakklæti fyrir traust það,  
 sem fulltrúar landsins hafa auðsýnt Oss með því að fela það  
 fyrirhyggju Vorri á þann hátt, sem sagt var, að koma fullnaðar-  
 skipun á um þetta mikilvæga málefni.